

152. löggjafarþing 2021–2022.

Þingskjal 1261 — 9. mál.

2. umræða.

Nefndarálit

**um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005
(niðurfelling tolla á vörur sem eru upprunnar í Úkraínu).**

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og barst umsögn frá Bændasamtökum Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að tollar af vörum sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins og eru að öllu leyti upprunnar í Úkraínu falli niður til og með 31. maí 2023.

Nefndin er einhuga um afgreiðslu málsins og vitnar til ávarps forseta Úkraínu á Alþingi í maí síðastliðnum: „Þess vegna er mikilvægt fyrir frjálsar þjóðir heims að Úkraína verði ekki skilin eftir á berangri og berjist þar ein og afskipt við Rússland. Það er mikilvægt að allar þjóðir leggi hönd á plóg.“

Frumvarpið er mikilvægur og táknrænn stuðningur við Úkraínu, innflutningur frá landinu er óverulegur, og vitnar nefndin aftur í áðurnefnt ávarp forseta Úkraínu: „Engu skiptir hvort um ræðir lítil ríki eða stór, þegar við berjumst fyrir frelsinu skiptir framlag allra máli.“

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 13. júní 2022.

Guðrún Hafsteinsdóttir, Águst Bjarni Garðarsson. Ásthildur Lóa Þórssdóttir.
form., frsm.

Diljá Mist Einarsdóttir. Guðbrandur Einarsson. Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir.

Jóhann Páll Jóhannsson. Steinunn Þóra Árnadóttir. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.